

SKEL fjárfestingafélag hf. (SKEL)

Afkoma – fyrsti ársfjórðungur 2022 (1F 2022)

Hagnaður eftir skatta 3.342 milljónir króna á 1F 2022

Viðsnúningur í rekstri rekstrarfélaga SKEL

Sölu á fasteignum til Kaldalóns lokið

Breyting á reikningskilum vegna breytingar á starfsemi

HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR 1F 2022

- Fjárfestingatekjur námu 4.533 m.kr., þar af tekjur af fjárfestingafasteignum 4.226 m.kr.
- Rekstrargjöld námu 255 m.kr. þar af 60 m.kr. vegna starfslokakostnaðar
- Hagnaður fyrir skatta nam 4.278 m.kr.
- Hagnaður eftir skatta nam 3.342 m.kr.
- Framlegð rekstrarfélaga nam 1.982 m.kr. til samanburðar við 1.324 m.kr. á 1F 2021
- EBITDA SKEL og rekstrarfélaga nam 733 m.kr. til samanburðar við 184 m.kr. á 1F 2021 þegar söluhagnaður fasteigna að fjárhæð 4.104 m.kr. hefur verið dreginn frá EBITDA afkomu á 1F 2022
- Hagnaður á hlut var 1,73
- Arðgreiðsla að fjárhæð 500 m.kr. greidd 13. apríl 2022.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 21.765 m.kr. og eiginfjárlutfall var 79,4%.

Þar sem tilgangur og hlutverk SKEL er fjárfestingastarfsemi frá og með ársbyrjun 2022 þá er megináhersla í tilkynningu þessari að fjalla um starfsemi SKEL. Samanburður SKEL við fyrra ár á ekki við en lykilmáttahlutföll frá rekstrarfélögum eru dregnar fram sérstaklega.

Tilgangi félagsins var breytt í fjárfestingarfélag á hluthafafundi 7. október 2021. Breytingin hefur í för með sér að eignir munu endurspeglar gangverð á hverjum tíma. Sú aðlögun stendur yfir og mun að fullu birtast í ársreikningi 2022.

HORFUR FYRIR ÁRIÐ 2022

Félagið áætla að afkoma félagsins verði jákvæð um 7,6-8,3 milljarða króna eftir skatta að teknu tilliti til vænts söluhagnaðar af fasteignum að fjárhæð 5 milljarðar samanber áður útgefna afkomuspá.

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, STJÓRNARFOMAÐUR SKEL:

„Reksturinn gekk heilt yfir vel á fjórðungnum í skugga stríðsátaka sem hafði talsverð áhrif hér á landi með hækkandi olíuverði og hærra verði á aðföngum. Það varð viðsnúningur í rekstri rekstrarfélaganna ásamt því sem ný félög bættust við eignasafnið á árinu 2021 sem höfðu jákvæð áhrif á EBITDA afkomu tímabilsins sem rúmlega þrefaldaðist milli ára.

Vinna við áframhaldandi umbreytingu hélt áfram á ársfjórðungnum. Gengið var endanlega frá sölu fasteigna til Kaldalóns. SKEL fékk afhent bréf í Kaldalóni 3. maí og hefur óskað eftir hluthafafundi í félaginu með það að leiðarljósi að koma fulltrúa SKEL, Ásgeiri Reykfjörð í stjórn félagsins. Við höfum mikla trú á Kaldalóni og að það vaxi hratt sem fjórða skráða fasteignafélag landsins. Tilkynnt var um fjárfestingu SKEL í VÍS í aprílmánuði. Um er að ræða spennandi fjárfestingarkost til lengri tíma.

Með sölunni til Kaldalóns og fjárfestingu í VÍS var stigið enn eitt skrefið í umbreytingu á félaginu. SKEL er orðið sterkt fjárfestingafélag með fjölbreytt eignasafn og talsverða fjárfestingagetu.

Þá var tilkynnt um ráðningu Ásgeirs Helga Reykfjörð Gylfasonar í starf forstjóra og Magnúsar Inga Einarssonar sem fjármálastjóra. Við bindum miklar vonir að þessir reynslumiklu menn munu taka félagið áfram að krafti.“

KYNNINGARFUNDUR

Opinn kynningarfundur vegna á starfsemi félagsins verður haldinn 6. maí nk., á skrifstofu SKEL, Borgartúni 26, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum mun Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnarformaður SKEL kynna afkomuna og helstu þætti úr rekstrinum, þar sem nýr forstjóri hefur ekki störf fyrr en í júlímánuði.

Kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu SKEL, <https://skel.is/fjarfestar>.

ÁRSHLUTAREIKNINGUR 1F 2022

Upplýsingar í tilkynningu þessari og hjálagðri fjárfestakynningu byggja á stjórnendaupplýsingum sem hafa ekki verið kannaðar eða endurskoðaðar af endurskoðendum félagsins.

Til nánari upplýsinga er vísað til fjárfestakynningar sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

Nánari upplýsingar veitir Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnarformaður, fjarfestar@skel.is.